8. grein núverandi laga svohljóðandi:

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri

Hlutverk stjórnarinnar er að framfylgja stefnumiðum félagsins eins og þau koma fyrir í 1. grein laganna.
~~Stjórn félagsins skipa sjö menn; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, þrír meðstjórnendur og fjórir til vara. Er hver þeirra um sig kosinn til eins árs í senn. Formann skal kjósa sérstaklega.~~ Stjórnin skiptir með sér verkum. Ef þrír varamenn taka sæti í stjórn á milli aðalfunda, er kjörnefnd heimilt að leggja til boðun félagsfundar til að kjósa nýja varamenn.
Á aðalfundi skal kjósa þrjá félagsmenn í kjörnefnd til að annast framkvæmd kjörs til stjórnar félagsins á næsta aðalfundi. Framboð til formanns-, stjórnar- og varastjórnarkjörs skulu berast nefndinni fyrir 15. nóvember sent á netfang er birt skal á vefsíðu félagsins. Ef framboð til stjórnarsetu eru fleiri en þau sæti sem kjósa á um skal kjörnefnd hafa umsjón með kosningu milli frambjóðenda á aðalfundi og sjá til þess að framboð séu kynnt félagsmönnum fyrir aðalfund. Skal kjörnefnd gæta þess að jafnræði ríki við kynningu á frambjóðendum. Kjörnefnd getur án tillits til framboðsfrests hlutast til um að afla framboða frá félagsmönnum. Í störfum sínum skal kjörnefnd miða að því að í stjórn félagsins sitji hæfir einstaklingar af hvoru kyni og að hluti stjórnarmanna hafi reynslu af störfum fyrir félagið og þekkingu á starfsemi þess.
Kjörgengir sem stjórnarmenn eru allir atkvæðisbærir félagsmenn nema fastráðnir starfsmenn félagsins.
Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn.

Tillaga að breytingu á 8. grein er eftirfarandi:

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri

Hlutverk stjórnarinnar er að framfylgja stefnumiðum félagsins eins og þau koma fyrir í 1. grein laganna.Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi. Sex eru kosnir til tveggja ára í senn, þrír í hvert sinn, en formann félagsins skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn. Á aðalfundi skal jafnframt kjósa fjóra varamenn til eins árs í senn.Stjórnin skiptir með sér verkum. Ef þrír varamenn taka sæti í stjórn á milli aðalfunda, er kjörnefnd heimilt að leggja til boðun félagsfundar til að kjósa nýja varamenn.Á aðalfundi skal kjósa þrjá félagsmenn í kjörnefnd til að annast framkvæmd kjörs til stjórnar félagsins á næsta aðalfundi. Framboð til formanns-, stjórnar- og varastjórnarkjörs skulu berast nefndinni fyrir 15. nóvember sent á netfang er birt skal á vefsíðu félagsins. Ef framboð til stjórnarsetu eru fleiri en þau sæti sem kjósa á um skal kjörnefnd hafa umsjón með kosningu milli frambjóðenda á aðalfundi og sjá til þess að framboð séu kynnt félagsmönnum fyrir aðalfund. Skal kjörnefnd gæta þess að jafnræði ríki við kynningu á frambjóðendum. Kjörnefnd getur án tillits til framboðsfrests hlutast til um að afla framboða frá

félagsmönnum. Í störfum sínum skal kjörnefnd miða að því að í stjórn félagsins sitji hæfir einstaklingar af hvoru kyni og að hluti stjórnarmanna hafi reynslu af störfum fyrir félagið og þekkingu á starfsemi þess.Kjörgengir sem stjórnarmenn eru allir atkvæðisbærir félagsmenn nema fastráðnir starfsmenn félagsins.Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn.

11. grein núnverandi laga svohljóðandi:

Reikningsár

~~Reikningsár félagsins er frá 1. október til 30. september. Reikninga ber að leggja fram til samþykktar á aðalfundi.~~

Tillaga að breytingu á 11. grein er eftirfarandi:

Reikningsár

Reikningsár félagsins er frá 1. nóvember til 31. október. Reikninga ber að leggja fram til samþykktar á aðalfundi.

Ákvæði til bráðabirgða: Reikningsárrið sem hófst 1. október 2020 verður 13 mánuðir og lýkur 31. október 2021.

12. grein núverandi laga svohljóðandi:

Fundargerðir

Fundargerð aðalfundar, félagsfunda og stjórnarfunda skal rita í sérstaka fundargerðabók félagsins.

Tillaga að breytingu á 12. grein er eftirfarandi:

Fundargerðir

Stjórn skal sjá til þess að haldnar séu fundargerðir aðalfunda, félagsfunda og stjórnarfunda. Stjórn skal vista fundargerðir ásamt fundargögnum á tryggilegan hátt.

Fundargerð aðalfundar og fundargögn skal birta félagsmönnum á vefsvæði félagsins.